

Reglur um risnuhald hjá ríkisstofnunum

1. Skilgreining risnu.

Með risnu er átt við kostnað sem stofnun eða embætti efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim er risnunnar nýtur, gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu.

2. Skilyrði risnuhalds.

Fullnægjandi tilefni skal ávallt vera til þess að risna sé veitt, sem og fjárheimild og skrifleg heimild yfirmanns stofnunar eða hlutaðeigandi ráðuneytis.

3. Frágangur risnureikninga.

Við frágang risnureiknings skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- Reikningurinn þarf að vera skýrt sundurliðaður þannig að sjá megi hvers eðlis útgjöldin eru og umfang þeirra.
- Reikningurinn þarf að vera áritaður af forstöðumanni stofnunar. Ef um hærri risnu er að ræða ber ríkisstofnunum að hafa samráð við viðkomandi ráðuneyti.
- Tilefni risnunnar og rökstuðning þarf ófrávíkjanlega að rita á reikninginn eða á fylgiblað með honum. Þar skal ennfremur greint frá því hverjir urðu risnunnar aðnjótandi. Jafnframt skal greint frá því hvort samráð hafi verið haft við viðkomandi ráðuneyti.

4. Afgreiðsla risnureikninga.

Uppfylli risnureikningur ekki ofangreind skilyrði varðandi frágang, skal ríkisféhirðir eða annar greiðsluaðili ekki greiða reikninginn heldur endursenda hann til viðkomandi stofnunar með tilmælum um úrbætur.

5. Endurskoðun risnureikninga.

Ríkisendurskoðun leggur mat á risnukostnað og er meginreglan sú, að kostnaður vegna risnu eigi að vera í lágmarki.

Telji Ríkisendurskoðun að reikningur uppfylli ekki framangreind skilyrði getur hún krafist nánari skýringa. Séu þær skýringar ekki viðhlítandi tilkynnir Ríkisendurskoðun hlutaðeigandi ráðuneyti að reglur þessar hafi verið brotnar og getur ráðuneytið þá áminnt viðkomandi fortöðumann eða gengið til annarra viðeigandi aðgerða.

Friðrik Sophusson

Magnús Pétursson